

## L Ö G

37

10. maí

## um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakostnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, hækkaður hjá togarasjómönnum um kr. 200.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 300.00 hjá öðrum fiskimönnum.

Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, skulu allir aðrir skipverjar á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

## 2. gr.

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslensk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

---

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

38

8. maí

## um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

a. Aftan við 2. tölulið D-liðar 34. gr. laganna komi:

Á hverju þilfarsskipi skal þó, auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum á hverjum tíma, vera gúmbjörgunarbatúr, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi minnst þá, sem á skipi eru. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um gerð þeirra og búnað. Skipaskoðunarstjóri veitir þeim, sem hafa ekki þegar aflað sér gúmbáta í skip sín, hæfilegan frest til öflunar þeirra. Með reglugerð um notkun björgunartækja, er

38 ráðuneytið setur, skal eftir föngum tryggja það, að sjómönnum verði kennd meðferð gúmbjörgunarbáta.

8. maí

b. Síðasti málsliður 4. töluliðar D-liðar 34. gr. laganna orðist svo:

Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta, annarra en gúmbáta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

39

16. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal heimilt að innheimta árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, svo sem hér segir.

2. gr.

Fyrir orðið „lögreglustjóra“ í 4. gr. laganna komi: oddvita eða bæjarstjóra.

3. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðið „lögsagnarumdæmi“ í 1. másl. komi: sveitarfélagi.

b. Fyrir orðið „lögreglustjóri“ í 3. másl. komi: oddviti eða bæjarstjóri.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skatt þennan skal innheimta með öðrum sveitargjöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 66 24. apríl 1954.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1957.*

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*